

Nefndarálit með breytingartillögu

um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018 (mennta- og menningarmál).

Frá meiri hluta allsherjar- og menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Rakel Þorsteinsdóttur, Elísabetu Pétursdóttur og Brynju Stephanie Swan frá mennta- og menningarmálaráðuneyti, Þorgerði Laufeyju Diðriksdóttur og Önnu Rós Sigmundsdóttur frá Félagi grunnskólakennara, Dagbjörtru Hákonardóttur og Teit Skúlason frá Reykjavíkurborg, Bryndísi Gunnlaugsdóttur frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Auði Ingu Þorsteinsdóttur frá Ungmennafélagi Íslands og Elfu Ýri Gylfadóttur og Heiðdísí Lilju Magnúsdóttur frá fjölmíðlanefnd.

Nefndinni bárust umsagnir frá Blaðamannafélagi Íslands, Félagi grunnskólakennara, Félagi heyrnarlausra, Menntamálastofnun, Persónuvernd, Reykjavíkurborg, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Ungmennafélagi Íslands og Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ýmsum lögum er heyra undir málefnavið mennta- og menningarmálaráðuneytis til að skýra nánar heimildir stofnana sem heyra undir ráðuneytið til vinnslu persónuupplýsinga til samræmis við kröfur laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, sérstaklega um skýrleika lagaákvæða sem heimila vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga.

Umfjöllun nefndarinnar.

Heimildir framhaldsskóla.

Í 1. efnismgr. 1. tölul. 5. gr. frumvarpsins er fjallað um heimildir framhaldsskóla til vinnslu persónuupplýsinga, m.a. í tengslum við viðburði á vegum nemendafélaga skv. 39. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram um 5. gr. þess að skólameistara sé veitt heimild til að vinna með upplýsingar í tengslum við starfsemi nemendafélaga. Meiri hlutinn áréttar að ábyrgðaraðili vinnslu er almennt sú stofnun sem tekur ákvörðun um tilgang og aðferðir við vinnslu en ekki einstakir starfsmenn, til að mynda skólameistari. Koma framangreind sjónarmið einnig fram í umsögn Persónuverndar við frumvarpið. Ljóst er því að ábyrgðin liggar hjá viðkomandi framhaldsskóla en ekki skólameistara eins og segir í greinargerð.

Heimildir fjölmíðlanefndar.

Í 1. efnismgr. 1. tölul. 11. gr. frumvarpsins er fjallað um heimildir fjölmíðlanefndar til vinnslu persónuupplýsinga að því marki sem hún er nauðsynleg við athugun á þeim málum sem nefndin vinnur að þegar hún rækir hlutverk sitt samkvæmt lögum. Nefndinni er heimil vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga um heilsufar, kynhneigð og kynhegðun vegna kvartana sem henni berast á grundvelli brota fjölmíðlaveitna gegn grundvallarréttindum einstaklinga um friðhelgi einkalífs og annarra mannréttinda. Meiri hlutinn áréttar að í greininni felst

ekki opin heimild til handa fjölmíðlanefnd til vinnslu framangreindra persónuupplýsinga heldur einungis í þeim tilvikum þegar henni berast kvartanir um framangreind mannréttindabrot fjölmíðlaveitna. Greinin felur í sér heimild fjölmíðlanefndar til að taka við slíkum kvörtunum og vista framangreindar upplýsingar í málaskrá.

Breytingartillögur meiri hlutans.

Heimildir leikskóla.

Í 2. efnismgr. 1. tölul. 1. gr. frumvarpsins er fjallað um heimildir leikskóla, skólaþjónustu og annarra aðila sem hafa lögbundið hlutverk samkvæmt lögum um leikskóla, nr. 90/2008, til öflunar og miðlunar persónuupplýsinga. Í greininni er ekki gert ráð fyrir lögmætri miðlun gagna til frístundaheimila, eins og Reykjavíkurborg bendir sérstaklega á umsögn sinni. Frístundaheimili er frístundavettvangur barna eins og hann er skilgreindur í 33. gr. a laga um grunnskóla, nr. 91/2008. Meiri hlutinn áréttar að þegar barn færst úr leikskóla í grunnskóla og hefur dvöl á frístundaheimili getur verið þörf á miðlun persónuupplýsinga til að tryggja samfelli í þjónustu innan skólakerfisins, enda sé slík miðlun nauðsynleg til þess að þessir aðilar geti gegnt hlutverkum sínum. Meiri hlutinn leggur til breytingar þess efnis.

Heimildir grunnskóla.

Í 4. gr. frumvarpsins er fjallað um heimildir grunnskóla, skólaþjónustu og annarra aðila sem hafa lögbundið hlutverk samkvæmt lögum um grunnskóla, nr. 91/2008, til vinnslu, öflunar og miðlunar persónuupplýsinga o.fl. Í greininni er ekki gert ráð fyrir lögmætri miðlun gagna til framhaldsskóla. Meiri hlutinn telur mikilvægt að við lok grunnskólanáms verði grunnskólum gert skylt að bjóða að eigin frumkvæði nemendum, foreldrum eða forsjáraðilum í skilningi barnalaga miðlun þeirra upplýsinga um nemendur sem unnar hafa verið eða aflað á grundvelli greinarinnar til framhaldsskóla. Grunnskólar skuli bjóða framangreint en forsenda miðlunar á milli þessara tveggja skólastiga er undangengið samþykki nemenda, foreldra og forsjáraðila. Þessu almenna ákvæði er ekki ætlað að hafa áhrif á sérreglu 2. mgr. 27. gr. laganna, þar sem miðlun vitnisburðar vegna flutnings nemenda milli skóla og innritunar í framhaldsskóla er heimil, heldur taka til annarra upplýsinga, t.d. vegna sérúrræða. Þá skal miðlunin vera í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Meiri hlutinn leggur til breytingar þess efnis.

Aðrar breytingar sem meiri hlutinn leggur til eru tæknilegs eðlis og er ekki ætlað að hafa áhrif á efni frumvarpsins. Með hliðsjón af framangreindu leggur meiri hlutinn til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftifarandi

BREYTINGU:

1. Í stað orðanna „Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins“ í 2. efnismgr. 1. tölul. 1. gr. og 2. efnismgr. 4. gr. komi: Ráðgjafar- og greiningarstöðvar.
2. Á eftir orðinu „grunnskóla“ í 2. efnismgr. 1. tölul. 1. gr. komi: frístundaheimila.
3. Á eftir 3. efnismgr. 4. gr. komi ný efnismálgrein, svohljóðandi:

Við lok grunnskólanáms skulu grunnskólar bjóða nemendum, foreldrum og forsjáraðilum í skilningi barnalaga miðlun upplýsinga um nemendur sem unnar hafa verið eða aflað hefur verið á grundvelli greinarinnar til framhaldsskóla. Samþykki nemenda, foreldra og forsjáraðila er skilyrði miðlunar og skal hún vera í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

4. Við 5. gr.
 - a. Inngangsmálsliður 1. tölul. orðist svo: Á undan 1. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi.
 - b. 2. tölul. orðist svo: Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Vinnsla persónuupplýsinga og upplýsingagjöf.*
5. Inngangsmálsgrein 7. gr. orðist svo:
Á eftir 3. mgr. 3. gr. a laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi.
6. Inngangsmálsgrein 8. gr. orðist svo:
Á eftir 3. mgr. 15. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi.
7. Í stað orðanna „Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins“ í 2. efnismgr. 1. tölul. 9. gr. komi: Ráðgjafar- og greiningarstöð.

Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins en skrifar undir álit þetta samkvæmt heimild í 4. mgr. 18. gr. starfsreglna fastanefnda Alþingis.

Alþingi, 3. júní 2021.

Páll Magnússon,
form.

Silja Dögg Gunnarsdóttir,
frsm.

Guðmundur Andri Thorsson.

Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir.

Birgir Ármansson.

Steinunn Þóra Árnadóttir.

Þorbjörg Sigriður Gunnlaugsdóttir.